

**189. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 4. október 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2202071 - Fjöliðjan Smiðjuvelli 28 - leigusamningur**

Stjórnendur Fjöliðunnar hafa óskað eftir að koma inn á fund Velferðar- og mannréttindaráð til að ræða rýmisþörfina fyrir vinnustaðahlutann á Smiðjuvöllum 28.

Stjórnendur Fjöliðunnar Guðmundur Páll Jónsson, Ásta Pála Harðardóttir og Árni Jón Harðarson komu inn á fundinn undir þessum lið til að ræða rýmisþörf Fjöliðunnar - vinnustað að Smiðjuvöllum 28. Það er mat stjórnenda eftir þarfagreiningu að vinnustaðurinn þurfi 315fm.

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að út frá þarfagreiningu stjórnenda verði stærð fyrirhugaðs rýmis sem leigja á að Smiðjuvöllum 28 endurskoðað.*

**2. 2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks**

Hvatning hefur verið frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu um að fleiri sveitarfélög taki þátt í samræmdri móttöku flóttafólks á Íslandi. Tilgangur með því er að tryggja flóttafólk samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur.

*Farið yfir samningsdrög um samræmda móttöku flóttafólks við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristinn H. Sveinsson  
Aníta Eir Einarsdóttir  
Einar Brandsson  
Sveinborg Kristjánsdóttir  
Hrefna Rún Ákadóttir